



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Selma Hafliðadóttir
nefndarritari
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 06. mars 2007
Tilvísun: 2007030002
Bréfalykill: 50.11

Efni: Umsögn Orkustofnunar um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins, 570. mál.

Orkustofnun hefur borist erindi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 27. febrúar 2007, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins, 570. mál, eignarhlutur ríkisins til Landsvirkjunar.

Orkustofnun bendir á að það kunni að vera á skjön við það markmið 1. tl. 1. gr. raforkulaga nr. 65/2003 að skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku að eignarhald á dreifiveitum færist til stærsta raforkuframleiðanda landsins. Stofnunin vekur í þessu sambandi einnig athygli á að í hinum nýja "orkupakka" Evrópusambandsins (e. Energy package), sem kynntur var í janúar s.l. er lögð mikil áhersla á að skilja að raforkuvinnslu og dreifingu raforku.

Að öðru leyti tekur stofnunin ekki afstöðu til málsins.

Virðingarfyllt

Elín Smáradóttir